

Fundur skólaráðs Smáraskóla mánudaginn 8. desember 2014

Fundinn sátu: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Björn Gunnlaugsson aðstoðarskólastjóri, Ingibjörg Bragadóttir náms- og starfsráðgjafi, Hrefna Björg Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara, Árni Árnason fulltrúi foreldra og Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. Foreldrar hafa sent skólanum erindi og óskað eftir að skólaráð taki til umræðu fyrirkomulag gæslu í búningaklefum í sundlaug og íþróttahúsi. Foreldrar lýsa áhyggjum af því að of margir nemendur séu í klefum í einu, sem og að fáir starfsmenn sinni gæslu. Til fundarins voru boðuð þau Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Kristján Jónatansson frá Breiðabliki og Jakob Þorsteinsson frá Sundlaug Kópavogs. Í máli Jakobs kom fram að mikið álag sé að starfsfólki í sundlauginni, verið sé að þjónusta fimm skóla auk almennra sundlaugargesta og umferð sé oft mikil. Þó hafi verið reynt eftir bestu getu að samstillta dagskrár skólanna til að jafna álagið og manna gæsluna þannig að ávallt sé starfsmaður í klefunum þegar börn eru að koma í sundtíma eða upp úr lauginni. Þó komi fyrir að óvænt atvik geri að verkum að starfsmenn þurfi frá að hverfa. Kristján og Ásta tóku í sama streng, sögðu að í íþróttahúsinu væri mikil umferð en skipulag gæslu hefði verið endurskoðað í samráði við íþróttakennara og teldu menn það hafa skilað árangri. Fram kom að sú þróun hefði orðið á undanförunum árum að sturtunotkun nemenda eftir íþróttatíma hefði minnkað mjög. Skólastjóri nefndi í því samhengi að ósk skólans væri að sem flestir nemendur færu í sturtu eftir íþróttatíma en áhyggjur Breiðabliks af símanotkun í klefum gera menn þar ekki mjög hlynnta því að sturtan sé skylda. Bent var á að það væri hlutverk skólans að fræða nemendur um ábyrga notkun símtækja og eins væri hægt að bjóða upp á að símar væru geymdir í skólanum meðan íþróttakennsla færi fram. Hegðun nemenda í íþróttahúsi og sundlaug, sem og í skóla eftir sund- og íþróttatíma var rædd, oft væri mikill æsingur í nemendahópum við komuna aftur í skólann. Sjaldgæft er þó að sundlaugargestir kvarti yfir hegðun nemenda. Almennt er samstarf starfsfólks sundlaugar og íþróttahúss við skólann gott og mál sem upp koma eru leyst fjótt og vel.
2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk voru kynntar, Smáraskóli kemur afar vel út í báðum árgöngum (sjá fylgigögn). Árni spurði hvort ekki væri borið saman hvernig skólar innan Kópavogs koma út og því var svarað þannig að slíkar úttektir séu gerðar en þær niðurstöður liggi ekki fyrir enn sem komið er.
3. Sagt var frá verkefninu „Hour of code“ sem fer nú fram í Smáraskóla og víða um heim. Verkefnið gengur út á að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram í forritun og hefur skólinn fengið til liðs við sig foreldra sem starfa við hugbúnaðargerð, en foreldrarnir munu koma í skólann í vikunni og aðstoða við kennslu í forritun. Einnig fer hópur kennara skólans á námskeið í forritunarkennslu síðar í vikunni.
4. Sagt var stuttlega frá stöðu mála í fyrirhugaðri spjaldtölvuvæðingu grunnskóla Kópavogs. Undirbúningur stendur yfir og er gert ráð fyrir að tæki verði afhent kennurum í ársbyrjun 2015 og nemendum í byrjun skólaársins 2015-16. Eins og er stendur yfir vinna við val á búnaði, sem og fræðsla og þjálfun fyrir skólastjórnendur.
5. Vinaliðaverkefnið er komið vel á veg og til stendur að bæta fjórða bekk í verkefnið eftir áramótin. Starfsfólk hefur farið á leikjanámskeið og er tilbúið að sinna verkefninu, verkefnið þykir fara mjög vel af stað.

6. Comeniusarverkefni – ferð var farin til Þýskalands þar sem þrjú kennarar og sjö nemendur fóru saman. Mikil upplifun fyrir alla og gekk afar vel. Einn nemandi fékk ekki tækifæri til að flytja sína kynningu, vegna tímaskorts og það þótti leitt. Comeniusarverkefninu lýkur nú í vor, mikil uppskeruhátíð með uppsetningu söngleiks verður hér í lok skólaárs. Boðið verður upp á val í unglingadeild í tengslum við verkefnið og einnig verður unnið að því í listasmiðjum.
7. Drög að handbók dægradvala voru send skólaráði til umsagnar en síðan var tekin ákvörðun á skólaskrifstofunni að drögin þyrfti að vinna betur. Málið verður því tekið til umfjöllunar síðar.
8. Jólatónleikar verða á morgun á sal Smáraskóla. Vocal Smári kemur fram, en það er sönghópur nemenda sem Hjördís tónmenntakennari stýrir. Einnig kemur fram barnakór Smáraskóla ásamt forskólanemendum sem leika á blokkflautur.
9. Heimasíða Smáraskóla (hin nýja) er nánast tilbúin, stefnt er að því að hún fari opinberlega í loftið í næstu viku. Helst er verið að útfæra núna hvernig myndir úr bekkjarstarfi komi inn á síðuna og gæti það mögulega tafið birtingu síðunnar. Um sama leyti fer í loftið feisbúkkssíða Smáraskóla, sem mun taka við almennum fréttaflytningi. Árni spyr út í reglur um myndbirtingar og er því svarað þannig að í Kópavogi séu reglur mjög skýrar.
10. Þemadögum, sem áttu að vera í lok nóvember, hefur verið frestað fram yfir áramót. Nánari tímasetning verður auglýst síðar. Almenn ánægja er í skólaráði með þá ákvörðun, sem þykir skynsamleg.
11. Erindi frá foreldrum sem rædd voru á síðasta skólaraðsfundi standa nú þannig að búið er að funda með foreldrum í fjórða bekk og kynna aðgerðir skólans, auk þess sem foreldrar hafa verið að koma og taka þátt í frímínútnastarfi. Þetta þykir sýna ákveðinn árangur. Hitt erindið var frá foreldrum í sjönuda bekk, varðandi plássleysi í stofu bekkjarins. Málið hefur verið í mikilli athugun og er unnið hörðum höndum í málinu.

Fundargerð skrifaði Björn Gunnlaugsson